

Skógræktin
Miðvangi 2-4
Egilsstaðir

Reykjavík, miðvikudagur, 24. maí 2023
UST202305-224/Þ.B.S.
09.04.00

Efni: Leyfi til framkvæmda á friðlýstum svæðum – landslagsverndarsvæði í Þjórsárdal

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn frá Hreini Óskarssyni fyrir hönd Skógræktarinnar, dagsett 17. maí 2023 þar sem sótt er um leyfi til að flytja afréttargirðingu norðar og vestar vegna framkvæmda við Rauðukamba innan landslagsverndarsvæðis í Þjórsárdal.

Landslagsverndarsvæði Þjórsárdal er friðlýst sbr. auglýsingu nr 110/2020. Framkvæmdir, aðrar en vernd og endurheimt birkiskóga, sbr. 11. gr., á verndarsvæðinu eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar að fenginni umsögn Minjastofnunar Íslands. Við landnotkun og mannvirkjagerð skal miða að því eins og kostur er að framkvæmdir séu afturkræfar, að þær stuðli að verndun svæðisins og öryggi gesta.

Lýsing verkefnis

Ný girðing verður að mestu utan landslagsverndarsvæðisins, en nyrsti hluti hennar þverar Rauðukamba norðar en núverandi girðing. Eldri girðing verður fjarlægð úr gömlu girðingarstæði vestan og norðan Reykhólts. Notuð verður dráttarvél til að flytja efni inn á svæðið, mun hún aka með girðingarlínunni. Staurabor verður notaður til að bora fyrir staurum þar sem þörf er á.

- Áætlað er að fara í verkefnið í júní-júlí 2023.
- Áætluð framkvæmd er í samræmi við samþykktar skipulagsáætlanir sveitafélagsins og hefur sveitarfélagið veitt leyfi fyrir framkvæmdinni.
- Áætluð lengd girðingarinnar innan landslagsverndarsvæðisins er um 4,5 km.
- Fjöldi starfsmanna sem koma að verkefninu eru tveir.
- Engin mannvirki eða salernisaðstaða verða sett upp.
- Engir göngustígar eða vegir eru á svæðinu þar sem fyrirhuguð girðing verður staðsett. Akstur verður aðeins í sjálfu girðingarstæðinu.
- Framkvæmdin mun strax í sumar draga úr beitarálagi á svæðinu.
- Einhver för verða eftir umferð dráttarvélar við girðingarstæðið, leitast verður við að græða þau för upp ef þörf er á.
- Stefnt er að því að græða upp sár er kunna verða á gróðri við girðinguna.
- Verkefnið mun auka náttúrulega framvindu gróðurs m.a. birkis, en áður fyrr uxu birkiskógar á svæðinu.

Fyrirhuguð staðsetning girðingarinnar er ákveðin í samvinnu við bændur á svæðinu sem nýta afréttinn og er talið að sú leið sem farin verður sé auðveldust yfirferðar og valdi minnstu raski á náttúru svæðisins. Tilfærsla girðingarinnar er samvinnuverkefni afréttarfélags Flóa og Skeiða, Skógræktarinnar, Skeiða og Gnúpverjahrepps og Rauðukamba ehf sem vinna að byggingu hótels í Rauðukömbum. Núverandi afréttargirðing liggur nú á löngum köflum innan landslagsverndarsvæðis í Þjórsárdal, þ.e. vestan og

norður fyrir Reykholt að Fossá. Verður sú girðing óþörf í framtíðinni og verður hún fjarlægð þegar lokið hefur verið við nýja girðingu.

Alls stækkar hið beitarfriðaða svæði um sex ferkílómetra þegar lokið hefur verið við nýja girðingu. Það svæði sem friðað verður er fremur illa gróið og mikið um gljúpan vikur sem ekki nýtist bændum vel sem beutiland. Að sögn bænda er svæðið einnig erfiðasta smalalandið á öllum afréttinum svo það léttir álagi á bæði fé og mönnum að hlífa því við beit.

Áhrifamat:

Verkefnið er líklegt til að hafa áhrif á náttúrufrar svæðisins. Á meðan framkvæmdum stendur þarf að aka dráttarvél meðfram nýrri girðingu sem getur valdið spjöllum á landi, en umsækjandi tilgreinir þó að unnið verði að því að græða upp skemmdir að verki loknu ef skemmdir verða. Hin nýja girðing hefur hinsvegar jákvæð áhrif á náttúrufrar verndarsvæðisins þar sem beitarfriðað svæði innan verndarsvæðisins stækkar umtalsvert, eða um 6 km². Má því gera ráð fyrir jákvæðum áhrifum á framvindu gróðurþekju þegar til lengri tíma er litið. Ólíklegt er að gestir svæðisins verði fyrir truflun á meðan á framkvæmdum stendur enda liggur girðingin um fáfarnar slóðir, fjarri helstu vegum og gönguleiðum.

Umsögn Minjastofnunar Íslands

Umhverfisstofnun óskaði eftir umsögn Minjastofnunar Íslands 22.05.23 og barst umsögn 23.05.2023. Í umsögn Minjastofnunar kemur fram að umsækjandi hefur gert grein fyrir því að tekið hafi verið tillit til fornleifa við val á legu girðingarinnar, þá kemur einnig fram í umsókn að leitast verði við að raska sem minnst landi við framkvæmdina, ekki verði sléttað undir girðinguna með vinnuvélum heldur verði hún látin fylgja landinu. Minjavörður gerir þar af leiðandi engar athugasemdir við framkvæmdina en minnir á mikilvægi þess að sá sem vinnur á vettvangi verði upplýstur um minjar í næsta nágrenni.

Niðurstaða

Umhverfisstofnun veitir Skógræktinni fyrir sitt leyti leyfi til að flytja afréttargirðingu norðar og vestar vegna framkvæmda við Rauðukamba innan landslagsverndarsvæðis í Þjórsárdal sbr. lýsingu hér að ofan að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- **Tryggja skal endurheimt gróðurþekju ef hún raskast vegna framkvæmdanna. Afmá skal sýnileg för vegna aksturs utan vega sem verkinu fylgir og græða upp skemmdir á gróðri ef þær verða.**
- Girðingin skal látin liggja eftir landinu og forðast skal að slétta land undir hana eins og kostur er
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.

Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.

Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um framkvæmdir er kr. **76.000**. sbr. 29. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 206/2023.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt

Inga Dóra Hrólfsdóttir
sviðsstjóri

Daníel Freyr Jónsson
svæðissérfræðingur